

Á g r i p

af reikningi landsbankans 1. jan. til 31. marz 1888.

	Tekjur:	Kr.	Kr.
1. Í sjóði 1. janúar 1888			57126,75
2. Seðlar meðteknir frá landssjóði			25000,00
3. Endurborguð lán:			
a. Fasteignarveðslán		8994,22	
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán		3411,75	
c. Handveðslán		350,00	
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga		<u>2175,00</u>	14930,97
4. Fasteignarveð lagt bankanum út til eignar			800,00
5. Innleystir víxlar			3810,00
6. Innleystar ávísanir			149,10
7. Selt konunglegt skuldabréf			200,00
8. Vextir;			
a. af lánnum		3631,35	
b. — kgl. ríkisskuldabréfum		<u>0,99</u>	3632,34
9. Diskonto			172,59
10. Provision og aðrar óvissar tekjur			40,23
11. Lagt inn á hlaupáreikning			3020,68
12. Sparisjóðsinnlög			<u>36346,30</u>
		Tekjur alls	<u>145228,96</u>

Gjöld:

1. Lánað gegn:			
a. Fasteignarveði		26810,00	
b. Sjálfsskuldarábyrgð		1855,00	
c. Handveði		300,00	
d. Ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga		<u>1250,00</u>	30215,00
2. Keyptir víxlar			8795,96
3. Keypt skuldabréf Reykjavíkur kaupstaðar			400,00
4. Útborgað af sparisjóðsinnlögum			26610,64
5. Útborgaðir dagvextir af sparisjóðsinnlögum			3,68
6. Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.)			1503,00
7. Ymisleg útgjöld			167,96
8. Til jafnaðar móti tekjuhlöð 4.			800,00
9. Í sjóði 31. marz 1888			<u>76732,72</u>
		Gjöld alls	<u>145228,96</u>

Athugasemdir:

Eignir landsbankans voru 31. marz 1888:

1. Skuldabréf fyrir lánnum:		
a. Fasteignarveðsskuldabréf	598394,51	
	Flyt	<u>598394,51</u>

	Kr.	Kr.	59
	Flutt 598394,51		
b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabryjef	27592,07		
c. Handveðsskuldabryjef	10020,00		
d. Skuldabryjef gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga	9171,00	645177,58	
2. Önnur skuldabryjef:			
a. kgl. ríkisskuldabryjef	101200,00		
b. skuldabryjef Reykjavíkur kaupstaðar . . . ;	600,00	101800,00	
3. Víxlar		9720,96	
4. Ávísanir		25,00	
5. Húseign útlögð bankanum fyrir láni að upphæð		800,00	
6. Í sjóði 31. marz 1888		76732,72	
		<u>834256,26</u>	
Landsbankinn hefur fengið í seðlum frá landssjóði til 31. marz 1888		400000,00	
Eign varasjóðs bankans 31. desbr. 1887		26109,72	
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur s. d.		27912,59	
Ýmsar tekjur sem enn eru eigi orðnar eign varasjóðs	16586,47		
að frá dregnum ýmsum kostnaði 1. jan. til 31. marz 1888	1674,64	14911,83	
Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum 31. marz 1888		362301,44	
Eje er lagt hefur verið inn á hlaupareikning		3020,68	
		<u>834256,26</u>	

Stjórn landsbankans, Reykjavík 12. apríl 1888.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um borgun til 60
dómenda í landamerkjamálum. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. f. m., hafið þjer, 25. apr. herra sýslumaður, tjáð mjer, að í tveimur landamerkjámálum, sem dæmd hafi verið í merkjadómi Húnavatnssýslu, öðru höfðuðu með gjafsókn af hálfu Holtastaðakirkju og hinu höfðuðu á hendur Undirfellskirkju, er fjekk gjafvörn, og sem báðum hafi verið áfrýjað til landsyfirdómsins, hafi hlutaðeigandi dómendur ekki enn fengið aðra borgun fyrir starfa sinn, en að þeim hafi verið greiddur úr landssjóði sá hluti borgunarinnar fyrir hið fyrnefnda gjafsóknarmálið, sem eptir merkjadóminum átti að gjaldast af almannafje, og hafið þjer útaf áskorun dómsmannanna til yðar um að hlutast til um, að þeim verði sem fyrst greidd borgun sú, er þeim ber í báðum þessum málum, beiðzt leiðbeiningar minnar um, hvernig ráða eigi fram úr þessu máli.

Útaf þessu tilefni gefst yður til vitundar, að áfrýjunarstefna sú, sem tekin hafði verið út í hinu fyrnefnda landamerkjámalinu, hefur aldrei verið lögð fram fyrir landsyfirdóminum, og með því að merkjadómurinn í því máli þannig stendur óraskaður, þá á sá hluti borgunarinnar til dómendanna í málinu, sem eptir stendur óborgaður, samkvæmt merkjadóminum að greiðast af varnaraðila. En að því er snertir hið síðarnefnda málið, þá hefur merkjadómurinn í því verið dæmdur ómerkur af landsyfirdóminum og málinu vísað heim aptur í hjerað, og þar sem þannig ekkert dómsatkvæði er fyrir því, að neitt af kostnaðinum í því máli eigi að greiðast af almannafje, þá eiga